

Nd.

666. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Meðan núverandi styrjöld er háð, skal vernd skrásettra, erlendra vörumerkja, sem endurnýja þarf samkvæmt 10. gr. vörumerkjalaganna, haldast, enda þótt tilkynning sé, sem um ræðir í 2. mgr. téðrar greinar, hafi ekki borizt skráritara í tæka tíð.

Meðan ákvæði þetta er í gildi, skal heimilt að endurnýja vernd skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjalaganna ákveður.

Endurnýjun vörumerkjaverndar samkvæmt þessari grein telst frá þeim degi, er verndartími samkvæmt vörumerkjalögunum rann út.

2. gr.

Nú verður sú breyting á ófriðarástandinu, að telja má samgöngur orðnar svo greiðar, að ekki sé ástæða til að halda ákvæðum 1. gr. lengur í gildi, og koma þá ákvæði 3. gr. til framkvæmda.

3. gr.

Að ófriðnum loknum eða þegar svo er ástatt, sem um ræðir í 2. gr., skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu setja tiltekinn frest til endurnýjunar, en að þeim tíma liðnum skal verndin falla niður, hafi ekki vörumerkjaskráritara borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar, áður en fresturinn er útrunninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af allsherjarnefnd samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Samkvæmt lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, eru vörumerki skráð til 10 ára, en vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan.

Vegna ófriðarins hafa póstsamgöngur við meginlandsríkin í Evrópu, eins og kunnugt er, lagzt niður og aðrar póstsamgöngur til útlanda orðið mjög ótryggar, og má því búast við, að ýmsir, sem kunna að vilja endurnýja skrásetningar vörumerkja, geti það ekki í tæka tíð.

Virðist rétt og sanngjarnt, að vörumerki erlendra eigenda njóti verndar framvegis án endurnýjunar, þar til eigendur þeirra fá tækifæri til þess að gæta hagsmuna sinna, og þá einnig að heimila endurnýjun skrásetningar, þó að tilkynning um hana sé afhent síðar en lög mæla fyrir.

Loks er nauðsynlegt að setja á sínum tíma tiltekinn frest til endurnýjunar, til að fá úr því skorið, hvaða merki njóti verndar áfram.